

Mál nr. 86/2021

M og
V v/ kaskótryggingar ökutækis.

Tjón á útvarpsskjá í ökutæki 14. febrúar 2021.**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 2. mars 2021, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V til nefndarinnar, dags. 18. mars 2021, ásamt tjónstilkynningu, myndum af tjóni og afstöðu félagsins með bréfi dags. 17. febrúar 2021.
3. Tölvupóstur M dags. 25. mars 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón varð á ökutæki M þegar 18 mánaða sonur hans henti síma í útvarpsskjá þess hinn 14. febrúar 2021.

M telur tjónið falla innan gildissviðs kaskótryggingar og vitnar til gr. 3.1. í vátryggingarskilmálum þar sem kemur fram að félagið bæti skemmdir á ökutækinu sjálfu eða eðlilegum aukahlutum. Einnig bendir M á að ekki sé hægt að skipta eingöngu um gler í útvarpsskjánum heldur þurfi að skipta um hann allan.

V hefur hafnað bótaskyldu og vísar til þess að í gr. 3 í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar félagsins komi fram tæmandi talning á þeim tjónsorsökum sem falli undir trygginguna og að tjón M falli ekki þar undir þar sem ekki séu allar skemmdir bættar heldur einungis þær sem rekja megi til fyrrnefndra tjónsorsaka. Einnig bendir V á að í gr. 6.1 í skilmálum komi fram að félagið bæti ekki skemmdir er varða gler, annað en rúður. V telur að um sé að ræða tjón á glerskjá og því eigi undanþága einnig við.

Álit.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning M til V þar sem kemur fram að sonur hans hafi hent síma í útvarpsskjá ökutækis hans með þeim afleiðingum að skjárinn brotnaði. Í gr. 3.1 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið bæti skemmdir á hinu vátryggða ökutæki og eðlilegum aukahlutum þess ef það skemmist af völdum þriðja aðila. Sonur M telst vera þriðji aðili í þessu samhengi og telst útvarpsskjár ökutækisins einnig eðlilegur aukahlutur hennar. Tjón á útvarpsskjánum fellur því undir gildissvið kaskótryggingarinnar skv. fyrrnefndri grein. Í gr. 6.1 í sömu skilmálum kemur fram að félagið bæti ekki skemmdir er varða gler, annað en rúður skv. gr. 3.5. Tjón M er skv. gögnum málsins það að (útvarps)skjár brotnaði. Það verður ekki lagt að jöfnu við að einungis gler hafi brotnað og verður sá vafi túlkaður M í hag, sbr. 1. mgr. 36. gr. b. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M, á rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 20. apríl 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.